

Úlfljótur, tímarit laganema og Vefrit Úlfljóts

Handbók um verklag- og ritrýni

Efnisyfirlit

Um Úlfljót.....	1
Heimilisfang Úlfljóts	2
Ritstjórar og ritnefndir Úlfljóts.....	2
Almennt um útgáfu á vegum Úlfljóts	2
Um það efni sem birt er í Úlfljóti	3
Leiðbeiningar til höfunda um framlagningu greina.....	4
Skyldur höfunda og réttindi yfir efni greina	4
Form greina.....	5
Siðareglur og fræðileg heilindi	10
Ritrýni og ritstjórn fræðilegs efnis í Úlfljóti - verklag	11
Upplýsingar fyrir ritrýna.....	12

Um Úlfljót

Úlfljótur, tímarit laganema, hefur verið gefið út lengst allra tímarita við Háskóla Íslands. Fyrsta tölublað þess leit dagsins ljós í lok febrúarmánaðar árið 1947. Frá þeim tíma hefur tímaritið verið gefið út á hverju ári, að undanskildu árinu 1951, og orðið efnismeira með hverju árinu sem líður.

Í dag er Úlfljótur annars vegar gefinn út á pappír (Úlfljótur, tímarit laganema); fjögur tölublöð árlega, og hins vegar sem vefrit (Vefrit Úlfljóts) þar sem að jafnaði eru birtar allt að 10 greinar á ári.

Í báðum tímaritum Úlfljóts er að finna vandaðar greinar um íslenska sem og alþjóðlega lögfræði, umfjöllun um efni sem eru ofarlega á baugi í lögfræðinni hverju sinni og fréttir af laganámi og umfangsmiklu félagsstarfi Orators, sem er félag laganema við Háskóla Íslands, og Úlfljóts.

Yfir Úlfljóti er ritstjóri sem er kjörinn úr hópi laganema. Með ritstjóra starfar ritnefnd Úlfljóts, sem einnig er skipuð laganemum. Kjörinn ritstjóri hefur yfirumsjón með útgáfunni og ber ábyrgð á efni sem Úlfljótur birtir.

Forseti Lagadeildar Háskóla Íslands skipar fræðilegan ritstjóra Úlfljóts, í samráði við kjörinn ritstjóra, og fræðilega ritstjórn. Fræðilegur ritstjóri stýrir ritrýni alls fræðilegs efnis í Úlfljóti og getur hafnað birtingu fræðilegs efnis sem kjörinn ritstjóri leggur til að verði birt. Þá getur kjörinn ritstjóri leitað álits fræðilegs ritstjóri og fræðilegrar ritstjórnar um val á efni í Úlfljót að öðru leyti.

Heimilisfang Úlfljóts

Heimilisfang Úlfljóts er eftirfarandi
Úlfljótur, tímarit laganema
Lögbergi, Háskóla Íslands, 101 Reykjavík.

Upplýsingar um aðaltengilið, sem er ritstjóri tímaritsins, má finna á heimasíðu Úlfljóts, ulfljotur.com. Vegna atriða sem varða meðferð fræðilegs efnis má jafnframt hafa samband við fræðilegan ritstjóra tímaritsins. Upplýsingar um hann má finna á heimasíðu Úlfljóts, ulfljotur.com.

Ritstjórar og ritnefndir Úlfljóts

Ritstjóri Úlfljóts er kjörinn á aðalfundi Orators að vori, til árs í senn. Hann kemur ávallt úr hópi laganema við Lagadeild Háskóla Íslands og ber ábyrgð á pappírsútgáfu Úlfljóts á komandi ári en ábyrgð á útgáfu veftímarits Úlfljóts frá og með kjöri. Ritstjóri hefur ritnefnd, sem valin er úr hópi laganema, sér til aðstoðar. Upplýsingar um ritstjóra og ritnefnd má finna hverju sinni á heimasíðu Úlfljóts, ulfljotur.com.

Fræðilegur ritstjóri Úlfljóts er skipaður af forseta Lagadeildar. Með honum starfar fræðileg ritstjórn sem jafnframt er valin af forseta Lagadeildar.

Almennt um útgáfu á vegum Úlfljóts

Orator er félag laganema við Háskóla Íslands. Á hverju ári er félaginu kosin stjórn sjö einstaklinga, er skipa jafn mörg embætti. Eitt þeirra er ritstjóri Úlfljóts. Ritstjórinn velur með sér ritnefnd úr hópi laganema. Í 30. gr. félagslaga Orators segir svo:

„Rit laganema heitir Úlfljótur. Fjögur rit skulu gefin út ár hvert. Fyrsta ritið skal gefa út eftir útgáfu síðasta tölublaðs undanfarandi árgangs og eigi síðar en 31. janúar. Annað ritið skal gefa út eigi síðar en 30. apríl. Þriðja ritið skal gefa út eigi síðar en 31. júlí og fjórða ritið skal gefa út eigi síðar en 31. október. Ritstjóri ber ábyrgð á efni ritsins. Ritið fá félagsmenn Orators sér að kostnaðarlausu gegn framvísun félagsskírteinis, en þó einungis sé þess vitjað innan níu mánaða frá útgáfu.“

Þá segir svo í 32. gr. sömu laga:

„Í hverju tölublaði Úlfljóts skal birtast a.m.k. ein fræðigreinin um lögfræðileg efni. Reynt skal að örva fræðistörf laganema með birtingu fræðigreina eftir þá, verðlaunasamkeppni o.þ.h. Heimilt er að skipa nefnd þriggja valinkunnra lögfræðinga, sem ritstjóri getur leitað álits hjá um efnisval blaðsins.“

Þessar kjarnyrta reglur eru ramminn um starfsemi Úlfljóts, tímarits laganema. Fjögur tölublöð eru gefin út á hverju ári og í hverju þeirra birtast að jafnaði tvær til fjórar ritrýndar fræðigreinar auk annars efnis um lög og laganám.

Á 70 ára starfsafmæli Úlfljóts var aukið við útgáfuna og stofnað vef tímarit Úlfljóts. Segir svo í grein 31. a í lögum Orators:

„Vefrit Úlfljóts er rafræn útgáfa Úlfljóts. Á heimasíðu vefrits Úlfljóts skal birta stuttar, ritrýndar greinar eigi sjaldnar en mánaðarlega. Ritstjóri Úlfljóts hefur yfirumsjón með vefriti Úlfljóts og ber ábyrgð á efni ritsins. Ritstjóri Úlfljóts skipar umsjónarmann vefrits Úlfljóts. Skal hann koma úr ritnefnd Úlfljóts. Umsjónarmaður vefrits Úlfljóts hefur umsjón með daglegum rekstri vefritsins ásamt ritstjóra Úlfljóts, meðal annars söfnun og birtingu greina. Greinarnar skal birta á heimasíðu vefrits Úlfljóts í það minnsta mánaðarlega. Ritstjóri Úlfljóts hefur yfirumsjón með vefriti Úlfljóts og ber ábyrgð á efni ritsins.“

Til að stýra birtingu fræðilegs efnis í Úlfljóti, tímariti laganema og í Vefriti Úlfljóts, í samstarfi við ritstjóra Úlfljóts, skipar forseti Lagadeildar Háskóla Íslands fræðilegan ritstjóra og fræðilega ritstjórn tímaritsins. Með þeim hætti er leitast við að tryggja gæði fræðilegrar útgáfu á vegum Úlfljóts.

Um það efni sem birt er í Úlfljóti

Mikill áhugi er á því meðal íslenskra lögfræðinga að birta efni í Úlfljóti. Úlfljóttur leitast við að veita þeim skilvirka og faglega þjónustu.

Greinar og annað efni sem birt er í Úlfljóti fellur í meginatriðum í fjóra flokka.

Flokkur eitt: Akademískar greinar á sviði lögfræði í háum gæðaflokki sem undirgangast tvöfalda blinda fræðilega ritrýni.

Flokkur tvö: Greinar á sviði lögfræði sem fá vandaða fræðilega ritstjórn sem að öllu jöfnu felur jafnframt í sér einfalda blinda ritrýni.

Flokkur þrjú: Aðrar almennar greinar um lögfræðileg viðfangsefni þar sem efnistöð eru frjálssari en þó með fræðilegri ritstjórn.

Flokkur fjögur: Efni um starfsemi Orators og önnur málefni laganema og lögfræðinga.

Fræðileg ritstjórn og fræðileg ritrýni fer fram undir yfirstjórn fræðilegs ritstjóra.

Fyrsti flokkurinn, þ.e. akademískar greinar sem undirgangast tvöfalda blinda ritrýni, fær að jafnaði aðeins birtingu í pappírsútgáfu Úlfljóts – þ.e. í Úlfljóti, tímariti laganema. Flokkur tvö, þ.e. lögfræðilegar greinar sem fá vandaða fræðilega ritstjórn og að jafnaði einnig einfalda blinda ritrýni, eru að jafnaði aðeins birtar í Vefriti Úlfljóts. Um vef tímaritið gilda jafnframt ströng lengdarmörk greina. Aðrir flokkar efnis eru jöfnum höndum birtir í pappírsútgáfu eða vefriti eftir nánara samkomulagi við höfunda og ákvörðun ritstjórnar.

Almennt er efni sem birt er í Úlfljóti á íslensku. Úlfljótur getur þó jafnframt boðið höfundum að birta á öðru tungumáli eftir nánara samkomulagi.

Leiðbeiningar til höfunda um framlagningu greina

Á hverju ári eru gefin út fjögur tölublað af pappírsútgáfu Úlfljóts (Úlfljótur, tímarit laganema). Almennt er aðeins hægt að birta á bilinu tvær til fjórar ritrýndar greinar í hverju tölublaði. Ef höfundur óskar þess að fá birta grein í pappírsútgáfunni ber að senda ritstjóra tímaritsins handrit að greininni innan eftirfarandi tímafresta:

Birting í 1. tölublaði ársins: Skilafrestur er 1. september næsta ár á undan.

Birting í 2. tölublaði ársins: Skilafrestur er 1. nóvember næsta ár á undan.

Birting í 3. tölublaði ársins: Skilafrestur er 1. febrúar.

Birting í 4. tölublaði ársins: Skilafrestur er 1. maí.

Sambærilegir frestir gilda ekki um birtingu í Vefrit Úlfljóts.

Handrit að efni til birtingar í Úlfljóti skulu berast ritstjóra Úlfljóts rafrænt á netfangið ulfljotur@ulfljotur.is. Ef óskað er að skila efni á annan hátt er best að hafa samband við kjörinn ritstjóra Úlfljóts. Upplýsingar um ritstjóra koma fram á heimasíðu Úlfljóts, ulfljotur.com.

Í tölvupósti sem fylgir innsendum greinum skal höfundur láta koma fram: (1) nafn höfundar/höfunda og fullt starfsheiti, símanúmer, heimilisfang og netfang höfundar/höfunda, stutta lýsingu á starfsferli höfundar/höfunda (mest um 60 orð um hvern höfund) og heiti greinarinnar, (2) upplýsingar um það hvort höfundur telur efni sitt falla í flokk eitt, tvö, þrjú eða fjögur, sbr. lýsingu í næsta kafla að framan, og (3) upplýsingar um það hvort höfundur óskar fremur birtingar í pappírsútgáfu Úlfljóts eða vef tímariti.

Áður grein er send inn ber höfundi að kynna sér þær reglur sem fram koma í þessari handbók. Handrit sem ekki fullnægja kröfum tímaritsins um frágang og efni er í flestum tilvikum hafnað.

Höfundum er sérstaklega bent á að lesa kaflana í handbókinni „Skyldur höfunda og réttindi yfir efni greina“, „Siðareglur og fræðileg heilindi“ og „Reglur um form greina“. Í síðastnefnda kaflanum er m.a. að finna nánari leiðbeiningar um frágang texta, meðferð heimilda og lengdartakmörk. Þá er nánari upplýsingar um ritrýni greina að finna í kaflanum „Fræðileg ritrýni.“

Skyldur höfunda og réttindi yfir efni greina

Höfundur ber ábyrgð á að efni sem hann skilar til tímaritsins sé prófarkalesið og að hann hafi rétt til að hagnýta sér það til birtingar.

Höfundur gætir þess jafnframt að vinna hans sé í samræmi við siðareglur tímaritsins og kröfur um fræðileg heilindi. Sjá nánar í kaflanum um „Siðareglur og fræðileg heilindi.“

Úlfljótur áskilur sér rétt til allrar hefðbundinnar birtingar á því efni sem valið er til birtingar í tímaritinu. Þar með talið áskilur Úlfljótur sér rétt til þess að gera aðgengilegt með rafrænum

hætti það efni sem gefið er út í pappírs-útgáfunni. Úlfljóttur bendir á að nauðsynlegt er í vissum tilvikum, til að tryggja viðurkenningu á hinni fræðilegu útgáfu, að efni verði gert aðgengilegt í rafrænum gagnagrunnum annaðhvort gjaldfrjálst eða gegn endurgjaldi.

Höfundar fá ekki greitt fyrir efni sem birt er í Úlfljótti.

Verði grein tekin til ritrýnimeðferðar og samþykkt til birtingar í tímaritinu að henni lokinni lætur Úlfljóttur prófarkalesa lokaútgáfu greinarinnar. Jafnframt fær höfundur tækifæri til að fylgjast með umbroti greina og lesa yfir lokapróförk. Sú þjónusta dregur ekki úr ábyrgð höfundar á að sú grein sem hann skilar í upphafi til tímaritsins sé fullunninn og þar með talið að hún sé prófarkalesin.

Form greina

Lengd greina: Akademískar greinar sem birtast í pappírsútgáfu Úlfljóts (Úlfljóttur, tímarit laganema) skulu ekki vera lengri en 17.000 orð, og eru þá meðtalin öll orð í greininni, þar á meðal í útdrætti, neðanmálsgreinum og skráum.

Greinar sem birtast í Vefriti Úlfljóts skulu að jafnaði ekki vera lengri en 3.500 orð, og eru þá öll orð meðtalin.

Þegar sérstaklega stendur á er Úlfljóttur tilbúinn að skoða birtingu lengri greina, í hvoru tímaritinu sem er. Greinum sem eru of langar er almennt hafnað af þeirri ástæðu án ritrýni, almennt í samráði við fræðilegan ritstjóra. Undantekningar frá lengdarviðmiðum eru gerðar ef augljós rök liggja til þess og greinarhöfundur sýnir fram á þau í meðfylgjandi bréfi. Hollt er að hafa í huga að iðulega má stytta efni án þess að það bitni á gæðum.

Um prófarkalestur, sjá í kaflanum „Skyldur höfunda og réttindi yfir efni greina.“

Tungumál: Fræðigreinar eru að jafnaði á íslensku. Greinar skulu ritaðar á vönduðu og skýru máli. Tímaritið tekur til athugunar óskir um að birta greinar á ensku eða öðrum tungumálum en í slíkum tilvikum eru gerðar ríkar kröfur til höfunda um prófarkalestur greinar.

Sniðmát: Greinum skal að jafnaði skilað í word skjali (.doc eða .docx). Leitast skal við að nota sem minnst af sérstöku „formati“ eða „sniðmátum“. Höfundar geta til hagræðis skrifað efni sitt inn í skjal sem Úlfljóttur hefur útbúið fyrir höfunda og hægt er að fá afhent hjá ritstjóra.

Æskilegt er að höfundar velji aðra af tveimur eftirfarandi leiðum við uppsetningu á texta sem skilað er til tímaritsins.

Leið 1: Skrifa textann sem allra hreinastan, án sérstakra sniðmáta, jöfnunar, sérhannaðra tákna, skáletrana, breiðletrana eða sambærilegs. Ef þessi leið er valin mun ritstjórn tímaritsins sníða textann og setja hann upp með réttum hætti. Það þarf þó að vera skýrt hvað í textanum er vera fyrirsögn og hvað inndregið svo dæmi sé tekið.

Leið 2: Skrifa textann inn í sniðmát fyrir greinar í Úlfljótt. Við endanlega útgáfu verður textinn settur upp í samræmi við sniðmátið.

Heiti greinar: Fremst í grein skal koma fram heiti greinarinnar, sem skal vera stutt, einfalt, almennt án undirtitils og lýsandi fyrir efni hennar.

Heiti höfundar: Þegar grein er skilað skal fylgja henni í tölvupósti nafn höfundar/höfundar og fullt starfsheiti, símanúmer, heimilisfang og netfang höfundar/höfundar, stutt lýsing á starfsferli höfundar/höfundar (mest um 60 orð um hvern höfund) og heiti greinarinnar.

Þegar um er að ræða greinar sem á að ritrýna skal, til að tryggja nafnleysi við ritrýni, gæta þess að þessar upplýsingar komi ekki fram í greininni sjálfri. Þegar ritrýni er lokið og áður en hún er birt er upplýsingum um höfundar bætt við greinina.

Údráttur/Abstract: Á eftir heiti greinar skal koma údráttur úr efni greinarinnar, bæði á íslensku og ensku (abstract). Údrátturinn, hvor um sig, skal að jafnaði ekki vera lengri en 250 orð. Íslenski og enski údrátturinn skulu vera efnislega eins.

Meginmál: Texti greinar kemur á eftir údrætti og enskum abstract.

Spássía ritgerðarinnar skal vera 2,5 cm, jafnt til hliðar sem og uppi og niðri. Texti greinar skal ritaður með lettrinu Times New Roman. Texti skal jafnaður til hægri og vinstri.

Almennur texti í meginmáli skal ritaður með 12 punkta lettri og einu og hálfu línubili. Fyrsta lína í texta meginmáls á eftir fyrirsögnum, inndregnum texta, töflum eða slíku skal ekki inndregin. Fyrsta lína eftir greinarskil skal annars inndregin um 0,63 cm.

Texti sem á að vera inndreginn texti í meginmáli, s.s. reifanir dóma, skal skrifaður með 11 punkta lettri og einu línubili. Inndráttur er 0,63 cm bæði frá hægri og vinstri. Textinn er jafnaður til hægri og vinstri.

Neðanmálgreinar skal að jafnaði aðeins nota fyrir heimildatílvísanir. Texti neðanmálgreina skal ritaður með 10 punkta lettri og einu línubili. Neðanmálgreinar skulu aðeins hægrijafnaðar.

Texti heimildaskrár skal ritaður með 12 punkta lettri og einu línubili. Þar skal fyrsta lína í tilgreiningu hverrar heimildar ekki inndregin en fylgjandi línur skal inndruga um 0,63 cm. Heimildaskrá skal aðeins hægrijöfnuð.

Handritshöfundar skulu hafa það hugfast að blaðsíðunúmer mun breytast við birtingu.

Skammstöfunum skal haldið í lágmarki.

Um fyrirsagnir – kaflaskipting megintexta: Greinar skiptast að jafnaði í kafla og undirkafla. Ef kafla er skipt í undirkafla skal honum að jafnaði öllum kaflaskipt og kaflaskipting vera rökrétt.

Grunnfyrirsagnir skulu auðkenndar með hækkandi númerum (1, 2, 3). Millifyrirsagnir skulu auðkenndar með númer á forminu 1.2, 2.4 o.s.frv., undirfyrirsagnir með númer á forminu 1.3.2, 2.5.4 o.s.frv. Fyrirsögn skal að jafnaði fela í sér titil komandi kafla, auk kaflanúmersins. Ekki skal nota punkt á eftir fyrirsögnum, hvort sem um grunn-, milli- eða undirfyrirsagnir er að ræða. Þó skal nota spurningarmerki feli fyrirsögn í sér spurningu.

Fyrstu málgrein undir fyrirsögn skal ekki draga inn. Þær málgreinar sem á eftir koma skal hins vegar draga inn um 0,63 cm.

Údráttur er ekki hluti hinna númeruðu kafla. Údráttur kemur framan við greinina og þarf að geta staðið sjálfstætt.

Þegar um tilvísanir er að ræða innan greinar (internal cross-referencing) skal vísa í kaflanúmer, ekki blaðsíðutal og ekki í númer neðanmálgreina.

Framsetning beinna tilvitnana, dómareifana og sambærilegs í texta: Beinar tilvitnanir skulu almennt vera hluti af megintexta greinar og afmarkaðar með gæsalöppum („...“). Ef bein tilvitnun er lengri en þrjár línur getur farið vel á að hún sé aðgreind frá megintexta sem sérstök inndregin málsgrein. Sama viðmið á við um reifanir á dómum og öðrum viðeigandi úrlausnum.

Almennt um tilvísun til heimilda: Við tilgreiningu heimilda, jafnt í neðanmálsgreinum sem og í heimildaskrá skal geta alls efnis sem notað er og að fara efnislega rétt með heimildir.

Orða má eftirfarandi tvær meginreglur sem höfundar mega ekki undir neinum kringumstæðum víkja frá:

- a) Getu verður heimilda í öllum þeim tilvikum þar sem efni er notað frá öðrum.
- b) Tilvitnunin verður að vera efnislega rétt, þ.e. gæta þarf þess að umfjöllun sem endar með tilvitnun endurspegli réttilega þá heimild sem vitnað er til.

Beinar tilvitnanir í meginmáli verður ætíð að auðkenna með gæsalöppum (íslenskum gæsalöppum, þ.e. „...“).

Notkun heimilda í Úlfhljóti verður annars vegar að fullnægja skilyrðum höfundarréttar og hins vegar kröfum lögfræðinnar um vísindalega nákvæmni. Tilvísanir í heimildir í fræðilegum greinum í Úlfhljóti geta því, og eiga eftir atvikum, að þjóna því sjálfstæða vísindalega markmiði að upplýsa um stöðu þekkingar á því sviði sem fjallað er um. Af þessu leiðir meðal annars að höfundum ber að vísa með skýrum hætti í áður birt efni eftir þá sjálfa sé á því byggt í greininni.

Tilvísun í lög og aðrar almennar reglur: Til laga skal vísa með þeim hætti að nefnt sé nafn laganna sem og númer. Valkvætt er hvort nafnið eða númerið komi á undan.

Þegar vísað er til lagagreina eða einstakra þátta þeirra skal nota eftirfarandi skammstafanir: a) Grein: gr. b) Málsgrein: mgr. c) Málslíður: másl. d) Tölulíður: tölul.

Þegar það sem vísað er til er að finna í bókstafslíð skal vísa til a-líðar, b-líðar o.s.frv. Líkt og í tilviki málsliða og tölulíða kemur sú tilvísun á undan tilvísun í viðkomandi málsgrein/grein.

Í þeim tilvikum þar sem ritgerðin vísar ítrekað til tiltekinna laga er heimilt að velja viðkomandi lögum tiltekna skammstöfun sem höfundur kynnir til leiks við fyrstu tilvísun og notar svo í síðari tilvísunum. Skammstöfunum á almennt að stilla í hóf.

Um tilvísanir í almenn stjórnvaldsfyrirmæli gilda sömu reglur og að framan greinir um lög.

Þegar vísað er til gerða á sviði Evrópuréttar skal tilgreina tegund gerðarinnar (tilskipun/reglugerð) og síðan ártal og númer hennar. Um tilvísanir til einstakra greina, málsgreina o.s.frv. gilda sömu reglur og um lög.

Notkun neðanmálsgreina: Tilvísanir til heimilda í neðanmálsgreinum eiga að vera stuttar en þó glöggar, sbr. nánari leiðbeiningar hér að neðan. Nákvæmari útlistun viðkomandi heimilda kemur fram í heimildaskrá. Neðanmálsgreinar á almennt aðeins að nota til heimildatilvísana. Þar á ekki að koma fram efnisleg umfjöllun.

Tilvísanir til dóma og annarra úrlausna: Tilvísanir til heitis, númers og dagsetningar dóma og annarra úrlausna skulu vera skáletraðar. Ekki er nauðsynlegt að dagsetning dóms eða úrlausnar fylgi ef númer felur í sér fullnægjandi og skýra tilgreiningu í þá heimild sem um ræðir. Þá hefur höfundur val um það hvort hann gefur dómi eða úrlausn sérstakt heiti. Ef sá dómur eða úrlausn er birt með númeruðum málsgreinum skal almennt jafnframt vísað til viðeigandi málsgreinar eða málsgreina.

Meginatriði við tilvísun til dóma eða annarra úrlausna er að tilvísunin sé annars vegar nægjanlega nákvæm svo með fullri vissu sé hægt að finna viðkomandi úrlausn og hins vegar að haldið sé samræmi innan viðkomandi greinar.

Til nánari leiðbeiningar og til að tryggja sem best samræmi milli þeirra greina sem birtar eru í Útljóti er höfundum bent á að fylgja eftirfarandi viðmiðum.

- Dómar Hæstaréttar Íslands frá 1999 og síðar: „*H [ártal]/[málsnr.]*“. Dómar sem gefnir voru út í dómasafni 1998 og fyrr. „*H [ártal]:[blaðsíðutal]*“. Það getur verið til hægðarauka fyrir lesendur, sérstaklega ef dómur er reifaður, að setja stutt heiti dómsins í sviga á eftir númeri hans. T.d. „*H 171/2004 (Skipulag Standahverfis)*“.
- Tilvísun til dóma Landsréttar: „*L [ártal]/[málsnr.]*“.
 - o Dóma Landsdóms og Landsyfirréttar skal á hinn bóginn tilgreina með fullu heiti dómstólsins, sbr. t.d.: „*Dómur Landsdóms 3/2011 (Alþingi gegn fyrrverandi forsætisráðherra)*“.
- Tilvísun til dóma héraðsdóms – sjá: *Héraðsdómur Reykjavíkur [eða annað viðeigandi heiti dómstóls], [dags.], [málsnúmer] (heiti máls)*.
- Tilvísun til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu, dæmi: *Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu 18. maí 2017 í máli nr. 220007/11 (Jóhannesson o.fl. gegn Íslandi)*. Í stað heitis dómstólsins er hægt að nota skammstöfunina MDE.
 - o Mál Mannréttindanefndar Evrópu skulu fylgja samskonar tilvísun en þá skammstöfuð sem MNE.
- Tilvísun til dóma dómstóls EB skal vera í samræmi við staðalinn ECLI (European Case-Law Identifier). Sjá nánar á https://curia.europa.eu/jcms/jcms/P_126035/en/
- Tilvísun til dóma EFTA dómstólsins: Tilvísun til dóma EFTA-dómstólsins dæmi: *Dómur EFTA-dómstólsins í máli nr. E-1/09*, eða *dómur EFTA dómstólsins í máli nr. E-16/11*. Hægt væri að láta tiltekið heiti dóms fylgja með innan sviga. Dæmin yrðu þá t.d.: *Dómur EFTA-dómstólsins í máli nr. E-1/09 (ESA gegn Liechtenstein)* og *dómur EFTA dómstólsins í máli nr. E-16/11 (Icesave)*.
- Tilvísun til álits umboðsmanns Alþingis: „*UA [málsnr.]/[ártal]*“ Miða má við, sérstaklega ef álit er reifað, að það komi stutt heiti þess á eftir.
- Tilvísanir til úrskurða og annarra úrlausna stjórnvalda skulu vera skáletraðar eins og dómatilvísanir. Þær skulu hafa að geyma nafn úrlausnarinnar og stjórnvaldsins, málsnúmer og dagsetningu. Dæmi: *Úrskurður kærunefndar útboðsmála nr. 1/2008 frá 5. mars 2008* eða *úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 11/2007 frá 4. mars 2008*. Tekið skal fram að heiti úrlausnar gæti verið annað, s.s. álit eða ákvörðun. Þegar vísað er ítrekað til úrlausna frá sama stjórnvaldi er heimilt að stytta heiti þeirra, enda sé þá augljóst hvað við er átt og samræmis gætt innan greinarinnar. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál væri þannig hægt að tilgreina *ÚU* og úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál sem *ÚUA*.

Tilvísun til Alþingistíðinda: Tilvísanir til efnis sem birt hefur verið í prentaðri útgáfu Alþingistíðinda skal hafa að geyma skammstöfunina Alpt., ártal viðkomandi bindis, kommu, deild Alþingistíðinda sem um ræðir (A-, B- eða C-deild), kommu og loks blaðsíðutal þess sem vísað er til, til samræmis við eftirfarandi dæmi: Alpt. 1994-95, A-deild, bls. 2098.

Tilvísanir í þingskjöl (önnur en lög) sem birt eru í pdf-formi á vef Alþingis skulu hafa að geyma heiti þingskjalsins, skammstöfunina þskj., númer þingskjalsins, bandstrik, númer þingmáls, númer löggjarþingsins og blaðsíðutal þess hluta pdf-skjalsins sem vísað er til, sbr. eftirfarandi dæmi: Frumvarp til sveitarstjórnarlaga, þskj. 1250 – 726. mál, 139. löggjafarþing, bls. 66.

Telji höfundur það skýrara er ennfremur heimilt að geta ártals aftan við númer löggjafarþings.

Tilvísanir til bóka og tímarita í meginmáli greinar: Tilvísanir í meginmáli til bóka skulu hafa að geyma nafn höfundar, skáletraðan titil bókarinnar, ártal útgáfu innan sviga, og blaðsíðutal þess sem vísað er, sbr. Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur* (2005), bls. 45.

Tilvísunum til erlendra bóka skal haga með sama hætti. Almennt skal fyrst skrifa eigin nafn, síðan ættarnafn, sbr. Bernhard Gomard: *Selskabsretten* (1999), bls. 142.

Ekki skal tilgreina undirtitla bóka í neðanmálgreinum en geta skal þeirra í heimildaskrá.

Séu höfundar tveir eða fleiri skal geta þess sem fremstur er í stafrófsröð og setja „o.fl.“ í stað annarra höfundarnafna. Höfundanna skal svo allra geta í heimildaskrá.

Tilvísanir til greina í fagtímaritum (t.d. í *Úlfjótí/Tímariti lögfræðinga*) **sem og til greina/bókarkafla í safnrítum** (t.d. í *afmælisritum/ráðstefnuritum*) **í meginmáli greinar:** Tilvísanir í meginmáli skulu geyma nafn höfundar, titil greinarinnar í gæsalöppum, ártal útgáfu innan sviga og loks blaðsíðutal þess sem vísað er til, í samræmi við eftirfarandi dæmi: Björg Thorarensen: „Áhrif meðalhófsreglu við skýringu stjórnarskrárákvæða“ (2003), bls. 52.

Tilvísunum til erlendra tímarits- og safnrítsgreina skal haga með sama hætti. Séu höfundar tveir eða fleiri gilda sömu reglur um tilgreiningu þeirra og í tilviki bóka.

Tilvísanir til skýrslna: Tilvísanir til opinberra skýrslna, greinargerða og annars ámóta efnis (innlands sem erlends) skulu hafa að geyma skáletrað nafn skýrslunnar, ártal útgáfu innan sviga, og blaðsíðutal þess sem vísað er til, í samræmi við eftirfarandi dæmi: *Starfskilyrði stjórnvalda* (1999), bls. 62.

Tilvísanir til dagblaða: Tilvísunum til greina tiltekinna höfunda í dagblöðum skal haga með sama hætti og til greina í fagtímaritum, sbr. Páll Sigurðsson: „Hljóðritanir talaðs máls“ (1998), bls. 59. Tilvísanir til fréttu í dagblöðum, eða annarra dagblaðsgreina sem enginn höfundur er skráður að, skulu hafa að geyma titil greinarinnar í gæsalöppum, ártal innan sviga og blaðsíðutal greinarinnar, sbr.: „Gjöldin ólögmet án samnings“, bls. 22.

Tilvísanir til efnis á vefsíðum: Almennt skal ekki vísa til vefsíðna nema þegar viðkomandi efni hefur ekki komið út á prenti. Við tilvísun í vefmiðla skal hafa fylgja þeirri reglu hér að ofan sem best á við, og meta þá hvert sinn hvort um sé að ræða fræðigreina, skýrslu, frétt o.s.frv. Sé efnið birt með blaðsíðutali ætti almennt að vísa til blaðsíðu í samræmi við aðrar tilvísanir. Sé ekki hægt að tilgreina blaðsíðutal er rétt að tilgreina vefsíðuna.

Viðkomandi heimildum er ávallt lýst ítarlegar í heimildaskrá, svo beinar tilvísanir í meginmáli þurfa fyrst og fremst að fullnægja því skilyrði að vera skýrar (ekki langar). Vilji höfundar fremur nota kommu [,] í stað tvípunkts [:] á eftir höfundarnafni þá er það frjálst.

Heimildaskrá og aðrar skrár sem fylgja skulu greinum: Gerð er krafa um ítarlega heimildaskrá.

Heimildaskrá skal almennt aðeins geyma yfirlit yfir þær bækur, greinar, skýrslur og annað sem í reynd og sannanlega hefur verið stuðst við og vísað til í meginmáli. Ef höfundur vill vísa til

almennt rita um efni greinar, eða ítarlegra efnis um atriði sem hann ekki gerir skil þá á slík tilvísun almennt ekki eingöngu heima í heimildaskrá, nema því fylgi sérstök útskýring. Almennt ætti þá að geta viðkomandi heimildar með tilvísun á viðeigandi stað í meginmáli.

Í heimildaskrá skal greina fullt heiti bóka, greina og skýrslna eða annars sem við á. Þar skal ennfremur greina frá heiti allra höfundar, raðað í stafrófsröð, og tilgreina ritstjóra sé um bækur að ræða, þ.m.t. safnrit. Upplýsingum í heimildaskrá skal raðað í stafrófsröð eftir höfundum. Ef ekki er ákveðinn höfundur skal röðunin ráðast af heiti skýrslunnar eða greinarinnar eftir því hvað notað var í tilvísun í meginmáli.

Ekki er gerð krafa um aðrar skrár. Heimilt er að grein fylgi skrá yfir dóma og aðrar úrlausnir sem vísað er til í grein. Æskilegt er að slík skrá fylgi ef notkun dóma eða annarra úrlausna er umtalsverð.

Siðareglur og fræðileg heilindi

Allir höfundar sem skráðir eru fyrir grein taka virkan þátt í samningu hennar og eru allir ábyrgir fyrir efni greinarinnar í heild sinni. Allir höfundar taka virkan þátt í mótun á efni greinar, rannsóknnum sem unnar eru og ályktunum. Allir höfundar taka virkan þátt í skrifum, vinnu við lagfæringar. Allir höfundar lesa og samþykkja lokaútgáfu greinar.

Allir greinarhöfundar gæta að því að ekki séu til staðar hagsmunaárekstrar sem máli skipta um efnistöð eða hlutlægni.

Hagsmunaárekstur getur falist í hverskonar persónulegum, fjárhagslegum eða fræðilegum tengslum sem ætla má að geti haft áhrif á túlkun rannsóknarniðurstaðna eða framsetningu efnis. Hagsmunaárekstur í þessu samhengi getur meðal annars falist í persónulegri samvinnu eða samkeppni eða fjárhagslegum tengslum sem máli skipta fyrir viðkomandi. Sé mögulegur hagsmunaárekstur fyrir hendi ber höfundi eða höfundum að gera Úlfljóti grein fyrir slíku. Höfundur getur óskað þess að fá að gera grein fyrir mögulegum hagsmunaárekstrum eða hagsmunatengslum í yfirlýsingu sem grein fylgir. Úlfljótur getur ennfremur gert kröfu um slíka yfirlýsingu.

Það er á ábyrgð höfundar að gæta þess að fram komi viðeigandi tilvísanir til stofnana, sjóða eða annarra sem þátt hafa átt í rannsóknnum hans með fjárframlögum eða annarri aðstoð, á þann hátt sem viðkomandi stofnun, sjóður eða annar viðeigandi aðili krefst. Úlfljótur gerir ennfremur þá kröfu að fá upplýsingar um styrki eða aðstoð sem höfundur hefur fengið eða hlotið vegna þeirra rannsókna eða rannsóknarniðurstaðna sem birtar eru í grein, og áskilur sér réttar til að greina frá slíku telji fræðileg ritstjórn rétt að gera það.

Rannsóknir og rannsóknarniðurstöður skulu framkvæmdar og birtar í samræmi við viðeigandi laga- og siðareglur um fræðileg störf og vísindarannsóknir. Höfundar gæta þess að slíkra reglna hafi verið gætt í hvívetna. Hér vísast ekki síst til laga og reglna um meðferð persónuupplýsinga auk viðeigandi laga og reglna á sviði heilbrigðis- og félagsvísinda.

Ritryni og ritstjórn fræðilegs efnis í Úlfljóti - verklag

Greinar sem á að birta í Úlfljóti skulu berast til kjörins ritstjóra Úlfljóts sem fer með ritstjórnarlegt ákvörðunarvald um birtingu efnis. Ritstjóri gætir í því efni hlutleysis, sanngirni og hagsmuna Úlfljóts.

Ef höfundur óskar fræðilegrar ritryni eða ritstjórnar á grein sinni og ritstjóri telur efnið hentugt til birtingar sendir hann greinina til fræðilegs ritstjóra.

Fræðilegur ritstjóri athugar hvort grein fullnægir grundvallarkröfum Úlfljóts um fræðilegt efni (m.a. hvort grein er á sviði lögfræði, hvort frágangur hennar er viðunandi, textinn aðgengilegur og hvort hún falli efnislega að kröfum Úlfljóts um framlag til lögfræðinnar).

Fræðilegur ritstjóri leggur tillögu fyrir fræðilega ritstjórn um hvort grein skuli fara í fræðilega ritryni, fræðilega ritstjórn eða að henni sé hafnað þá þegar. Tillagan getur jafnframt verið um að höfundi sé boðið að birta efnið án ritryni eða ritstjórnar. Afgreiðslu fræðilegrar ritstjórnar skal tilkynnt höfundi svo fljótt sem við verður komið.

Almennt er miðað við að fræðilegt efni fari annaðhvort í tvöfalda blinda ritryni, til birtingar í prentaðri útgáfu Úlfljóts, tímarits laganema, eða einfalda blinda ritryni, til birtingar í Vefriti Úlfljóts. Visast nánar til upplýsinga í kaflanum „Um það efni sem birt er í Úlfljóti“ að framan.

Eftir að ritstjóri hefur afhent grein til fræðilegs ritstjóra í þeim tilgangi að hún verði tekin til meðferðar sem fræðilegt efni til birtingar í Úlfljóti verður henni að jafnaði ekki hafnað af öðrum ástæðum en þeim sem falla undir fræðilega ritstjórn eða ritryni.

Fræðileg ritstjórn getur skipt með sér verkum þannig að tilteknir nefndarmenn hafi yfirumsjón með ritryni einstakra greina eða tölublaða eða að tiltekinn nefndarmaður hafi yfirumsjón með ritryni Vefrits Úlfljóts. Sá sem hefur yfirumsjón með ritryni einstakrar greinar hefur að jafnaði samskipti við ritryna, samskipti við höfund og leggur síðan tillögu um það hvort grein skuli samþykkt eða hafnað fyrir fræðilega ritstjórn. Nefndarmenn ritryna ekki greinar sjálfir en sjá eftir atvikum um fræðilega ritstjórn einstakra greina.

Niðurstaða ritryni eða ritstýringar getur í grundvallaratriðum verið þrennskönar. Í *fyrsta lagi* er grein samþykkt með minniháttar athugasemdum. Í *öðru lagi* er grein samþykkt með fyrirvara um tilteknar breytingar. Í *þriðja lagi* er grein hafnað þar sem hún fullnægir ekki kröfum.

Í fyrstu tveimur tilvikunum er tillaga um afgreiðslu lögð fyrir fræðilega ritstjórn eftir að höfundur hefur brugðist við niðurstöðum ritryni eða ritstjórnar.

Ef rétt er talið að hafna grein að lokinni ritryni eða ritstýringarferli, skal tillaga um það lögð fyrir fræðilega ritstjórn. Ritstjórnin getur í því tilviki hvatt höfund til að lagfæra grein og skila á ný eða lagt til við ritstjóra að efnið verði birt án ritryni.

Fræðilegur ritstjóri tilkynnir höfundi og kjörnum ritstjóra afgreiðslur ritstjórnarinnar.

Eftir að þessu ferli er lokið og Úlfljótur hefur endanlega samþykkt grein kemur hún til birtingar.

Fræðileg ritstjórn afgreiðir mál á fundum eða með tölvupósti. Fræðilegur ritstjóri heldur saman upplýsingum um afgreiðslur nefndarinnar.

Upplýsingar fyrir ritrýna

Fræðileg ritstjórn Úlfljóts velur ritrýna sem búa yfir fullnægjandi sérfræðipækkingu um það efni sem viðkomandi fræðigreinin fjallar um. Ritrynar, einn eða tveir eftir því í hvaða flokk greinin hefur valist, meta lögfræðilegt framlag sem greinin felur í sér, lögfræðilegt gildi að öðru leyti, fræðileg vinnubrögð og frumleika, auk annarra viðeigandi þátta. Á grundvelli niðurstöðu hinnar fræðilegu ritrýni tekur fræðileg ritstjórn afstöðu til þess hvort greininni verði hafnað eða hún samþykkt til birtingar.

Niðurstaða ritrýnis ætti með skýrum hætti að lýsa því hvort hann telur rétt að (1) hafna grein, (2) birta hana með skilyrðum um tilteknar breytingar eða (3) hvort hann samþykkir hana en vill jafnframt koma ábendingum um lagfæringar til höfundar.

Ritrýnum er bent á að hafa eftirfarandi í huga við yfirllestur greina sem þeir hafa tekið að sér að ritrýna fyrir Úlfljót.

Er efnið frumlegt? Með þessu er m.a. átt við hvort efnið felur í sér nýjungar í framsetningu og kerfisbindingu eða nýjungar í lögfræðilegum viðhorfum, túlkunum eða kenningum.

Hefur efnið þýðingu fyrir lögfræðina? Með þessu er átt við hvort efnið feli í sér gagnlegt framlag, hvort sem er fyrir starfandi lögfræðinga, fræðasamfélagið eða laganema. Mat á þessu fellur iðulega eða einhverju leyti saman við mat á frumleika efnis. Eftir atvikum getur gildi greinar falið í sér að hún hreyfi við nýjum spurningum eða álitaeftnum þótt þeim sé ekki svarað.

Er frumleiki eða þýðing greinarinnar mikill eða lítil?

Fellur efnið og efnistökin að stefnu Úlfljóts?

Er efnið endurtekning á efni sem áður hefur verið birt?

Er aðferðafræðin haldbær og er rannsóknin nægjanlega nákvæm?

Er rannsóknarspurningin sem greinin fjallar um eða markmið greinarinnar að öðru leyti skýrt og auðskilið.

Er uppbygging greinarinnar og lengd hennar eðlileg og hæfileg með hliðsjón af því efni sem hún fjallar um.

Eru ályktanir skýrar, eiga þær stoð í rannsókn höfundar og er rannsóknin nægjanlega nákvæm til að hún standi undir þeim ályktunum sem fram eru settar?

Er kröfum um fræðilega nákvæmni fylgt, m.a. í því að byggt sé á þeirri þekkingu sem til er á viðkomandi sviði og er gerð nægjanleg grein fyrir henni?

Ætti fremur að birta greinina annars staðar eða eftir atvikum óritrýnda?

Ritrýnar fá grein afhenta rafrænt í ópersónugreinanlegu formi. Þeir skila ritrýni sinni rafrænt. Niðurstöður ritrýni skulu alltaf koma fram í samantekt. Athugasemdir og ábendingar geta ritrýnar jafnframt sett fram bæði með því að rita athugasemdir inn í greinina og með því að rita sjálfstæðar athugasemdir (greinargerð).

Niðurstaða ritrýnis, ábendingar og athugasemdir eru almennt afhentar höfundum. Ritstjórn Úlfljóts gætir þess að hreinsa upplýsingar um nafn ritrýna eða önnur auðkenni þeirra burt áður

en höfundur fær þær í hendur. Ritrýnir getur sett fram ábendingar eða athugasemdir sem eingöngu er beint til fræðilegs ritstjóra.

Ritrýnum er jafnframt bent á að kynna sér næsta kafla hér að framan; „Ritrýni og ritstjórn fræðilegs efnis í Úlfljóti – verklag“